

## Vinsamlegast

Kynnið ykkur leiðbeiningar áður en hafist er handa. Íslenskar leiðbeiningar um parketlög er að finna á heimasíðu Harðviðarvals [www.parket.is](#)

## Innihiti, viðarraki og loftraki

Viður er náttúrulegt hráefni, sem „lifir“ eftir að það hefur verið unnið og þess vegna hefur innihittinn áhrif á það. Sé inniloftið mjög rakt í langan tíma drekkur viðurinn rakann í sig og þenst út. Sé loftið þurr, einkum á veturna þegar hita þarf upp, hverfur raki úr viðnum. Hann skreppur saman. Þá getur komið til fúgumyndunar á parketgólfi. Það er eðlilegt ferli sem lifa verður við.

Með því að viðhalda réttum innihita er að mestu leyti hægt forðast þetta fyrirbrigði. Réttur lofthiti er um 20° til 22°C við um 45 til 60% hlutfallslegan loftraka. Æskilegt er að halda þessum aðstæðum allt árið. Ef loftraki fellur verður að gera viðeigandi ráðstafanir til að auka loftraka. Ýmiss konar rakatæki eru til í sérverslunum. Fúgur sem hafa myndast eftir upphitun að vetrinum geta jafnað sig yfir sumarmánuðina vegna meiri raka í loftinu.

Viðarrakinn í parketinu miðast við það loftslag sem ríkir að meðaltali í Mið-Evrópu. Samkvæmt því miðast viðarrakinn í ólagskiptu parketi við 8 (± 2%), í lagskiptu parketi 9 (± 2%) og þannig á að leggja það, til þess að laga sig að innihitanum.

Of þurr loft er einnig skaðlegt fyrir húsgögn, veggfóður og gólfteppi. Textílteppi hlaðast þá oft stöðurafmagni. En rétt andrúmsloft inni við er aðallega mikilvægt fyrir velliðan og heilsu íbúanna. Of þurr loft getur til dæmis stuðlað að kvefi og dregið úr líkamlegri velliðan, alveg eins og of rakt loft.

Allt þetta (innihiti/viðarraki/miðstöðvarkerfi) leiðir í ljós að árstíðabundnar breytingar á fúgubreidd allt að 0,1 til 0,5 mm eru alveg eðlilegar og að ekki er um neinn galla að ræða. Fúgubreiddin er einnig háð viðartegund, parketgerð og efnisgerð gólfplatarins (sem parketið er lagt á) sem og undirlagi (t.d. hituðu gólfi).

## Undirstaðan

Gólfplötur verður að vera þurr, sléttur og jafn áður en parket er lagt. Til þess að meta hvort að gólfið sé nógu slétt þarf að athuga að hámarks frávik gólfplatar þegar mælt er yfir 2,0 metra sé hvergi meira en 2 mm.

Til þess að tryggja að lagning verði jöfn er nauðsynlegt að slétta gólfið sé frávik meira en 2 mm á hverja 2 metra. Viðeigandi flotefni á að setja á steipt gólf en trégólf verður að heflla, pússa með sandpappír eða fylla.

Mikilvægt er aðgæta vel rakastig plötunnar sem leggja skal á. Reikna má með að venjuleg gólfplata sé um 1 ár að ná því marki að hún sé komin í 70% hlutfallsraka (hér eftir nefnt HR.) sem eru þau mörk sem miðað er við þegar leggja skal parket. Ef leggja skal fljótandi parket er æskilegt þó að leggja alltaf þolplast undir sem rakavarnarlag í nýjum húsum eða nota undirlag með áföstri rakavörn. Þegar talað er um þann tíma sem það tekur gólfplötu að þorna ber að miða við þann tímapunkt þegar byggingu er lokað og hiti kemst á því það skeður lítið sem ekkert í þornun plötunnar meðan byggingin stendur opin og ókynt.

## Skilmálar

Lögleiðir dráttarvextir reiknast af skuld sem ekki er greidd innan 20 daga frá dagsetningu reiknings. Kvartanir verða að berast áður en efnið er lagt. Vörur eru aðeins endurgreiddar gegn framvísun reiknings og er skilafrestur að hámarki 3 mánuðir frá kaupdegi. Vörur eru geymdar að hámarki 5 daga. Eftir það reiknast geymslugjald 450 kr. á dag.

## Ábyrgð seljanda á parketi

Þó að við seljum aðeins 1.flokks efni, er nauðsynlegt að kaupandi skoði allt efni áður en það er lagt. Gölluð borð geta hugsanlega leynst í pökkum, þótt um úrvalsefni sé að ræða. Harðviðarval bætir gallað efni með nýju, en ekki óbeinan kostnað t.d. við að taka upp eða endurleggja efni.